



Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi  
Erindi nr. P 127/709  
komudagur: 18.2.2002

Suðurlandsbraut 6 • 108 Reykjavík • Ísland • ☎ 568 8118 • Fax 568 8139

Reykjavík 13. febrúar 2002

**Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur nefndarritara,  
Alþingi  
150 Reykjavík**

**Málefni: Frumvarp til laga um bindandi álit í skattamálum (316. mál).**

Með bréfi dags. 5. febrúar sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til Álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók Álitsnefndin málið til umfjöllunar og fylgir greinargerð nefndarinnar með bréfi þessu ásamt tilheyrandi greinargerð Skattanefndar félagsins.

Stjórn FLE samþykkir fyrir sitt leyti meðfylgjandi greinargerðir.

Virðingarfyllst,  
Félag löggiltra endurskoðenda

Guðmundur Snorrason  
formaður

**Álitsnefnd**  
**Félags löggiltra endurskoðenda**

---

Reykjavík 13. febrúar 2002

**Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda**  
**Guðmundur Snorrason formaður**  
**Suðurlandsbraut 6**  
**108 Reykjavík**


**Málefni: Frumvarp til laga um um bindandi álit í skattamálum, 316. mál.**

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til Álitsnefndar FLE. Að fenginni umsögn Skattanefndar FLE tók Álitsnefnd FLE málið fyrir á fundi sínum í dag.

Álitsnefnd FLE gerir engar athugasemdir við umsögn Skattanefndar á frumvarpinu.

Virðingarfyllt

ÁLITSNEFND FÉLAGS LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA



Guðmundur Snorrason  
Sigrún Gunnarsdóttir  
Sigrún Þorsteinsdóttir  
Jónas Dur  
Þórunn Halvarsson

# **Skattanefnd**

## **Félags löggiltra endurskoðenda**

---

Í Reykjavík 11. febrúar 2002.

Til álitsnefndar FLE

Nýlega barst skattanefnd FLE erindi þess efnis að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 91 / 1998, um bindandi álit í skattamálum. Nefndin fundaði um málið með rafrænum hætti, á netinu. Breytingin skv. frumvarpinu felur í sér að kostnaður skattþegns við að fá bindandi álit skattyfirvalda í skattamálum verður hærri, líklega miklu hærri en verið hefur. Lágmarksgjald verður 50.000 kr. í stað 10.000 kr. og viðbótargjald verður skv. gjaldskrá sem fjármálaráðherra setur, en hefur ekki sett. Þessu til viðbótar á að afnema hámark sem var á gjaldi fyrir bindandi álit, sem er 40.000 kr. í gildandi lögum.

Ástæðurnar sem nefndar eru í athugasemdum með frumvarpinu eru þær að við framkvæmd laganna hafi komið í ljós að hvert álit hafi verið tímafrekara en gert var ráð fyrir í upphafi og að málin sem óskað er bindandi álits á verði sífellt flóknari og umfangsmeiri.

Í fyrsta lagi vakna spurningar um það hvort eðlilegt sé að skattyfirvöld innheimti gjald fyrir túlkun á skattalögum. Það er hlutverk ríkisskattstjóra að túlka skattalög og framkvæmd þeirra. Ef löggjafarvaldið telur gjaldtöku eðlilega þá kemur til skoðunar hver hún eigi að vera.

Fram kemur í texta með frumvarpinu að útgefin álit hafi venjulega verið færri en tuttugu á ári, þannig að ekki er hægt að segja að gjaldtakan skipti máli fyrir rekstur ríkissjóðs. Að mati skattanefndarinnar ætti gjaldtakan að vera málamyndagjaldtaka og fjárhæðir að miðast við það, lágar fjárhæðir sem eru frekar miðaðar við það að skattþegnar leggi meiri metnað í erindi sín og gagnavinnslu, heldur en að fá endurgjald fyrir útlögðum kostnaði ríkisskattstjóraembættisins við vinnslu á álitinu. Búast má við að lágmarksfjárhæðin 50.000 kr. og óvissa með heildarkostnað fæli skattþegna frá því að óska eftir bindandi álit ríkisskattstjóra. Það verður að telja að sú vinna sem starfsmenn ríkisskattstjóra leggja í bindandi álit nýtist skattyfirvöldum jafnt og skattþegninum og jafnvel meira. Því fleiri sem bindandi álit ríkisskattstjóra verða til því betri ætti framkvæmd skattalaganna að verða þegar til lengri tíma er litið.

Loks er eitt atriði enn sem mætti skoða betur í leiðinni. Það er 2. mgr. 3. greinar í lögnum um bindandi álit í skattamálum. Þar segir að ríkisskattstjóra sé heimilt að vísa beiðni um bindandi álit frá vegna vanreifunar, að gögn séu óskýr eða annarra ástæðna. Skattanefndin telur að áður en ríkisskattstjóri geti vísað máli frá verði hann að óska eftir þeim upplýsingum og gögnum sem hann telur vanta í málið. Sinni álitsbeiðandi því ekki innan tilskilins frests geti ríkisskattstjóri vísað málinu frá.

Fyrir hönd skattanefndar FLE

Einar Hafliði Einarsson (sign.)